



Neytendablaðið

***Pósturinn
rukkar alltaf tvisvar***

Efni

Frá NS	3
Póstburðargjöld	4
Raforkusala	7
NS í tímans rás	8
Frá formanni	13
Neytendamolar	14
Spurt og svarað	16
Linsur og baunir	18
Aðalfundur NS	20
Hættumerkin	21
Endurvinnsla á plasti	22



Neytendablaðið

4 tbl. 65 árgangur 2019
Útgefandi: Neytendasamtökin, Hverfisgötu 105, 101 Rvk.
Sími: 545 1200
Veffang: www.ns.is
Netfang: ns@ns.is
Ritstjóri: Brynhildur Pétursdóttir
Ritstjórn: Brynhildur Pétursdóttir, Breki Karlsson,
Ívar Halldórsson
Ábyrgðarmaður: Breki Karlsson
Umbrot og hönnun: Arnar Tr.
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja
Forsíðumynd: Istockphoto
Upplag: 8.400 eintök
Árgjald Neytendasamtakanna 2019 er 6.000 kr.

Óheimilt er að nota upplýsingar úr Neytendablaðinu í auglýsingar og við sölu nema skriflegt leyfi liggja fyrir.

Leiðarinn

Neysluskömm



Í sumar fengum við hjónin mjög svo ljúffenga kaffibolla hjá vinahjónum. Í ljós kom að kaffið var gert í Nespresso-vél – já, þessari með álhylkjunum. Við höfum af og til spáð í að kaupa kaffivél en aldrei látið verða af því. Nú voru góð ráð dýr. Væri okkur stætt á að kaupa þessa umtöluðu vél þar sem hverjum kaffibolla hefur verið pakkað sérstaklega í umbúðir? Yrðum við neydd til að fela vélinni inni í búrskáp ef gesti bæri að garði og fara undan í flæmingi ef

þeir, rétt eins og við, færu að hrósa kaffinu og forvitnast? Eða eru þessi umhverfisáhrif kannski orðum aukin og vélin ekkert verri en hver önnur neyslukaup?

Um daginn var ég að ræða þessa kaffireynslu við kunningja minn og sagði að við hjónin værum í sálfræðilegri klemmu því okkur hefði þótt kaffið svo gott. Kunninginn átti ekki orð yfir því að ég skyldi svo mikið sem íhuga kaup á slíkri vél. Ég greip strax til varna og benti á að ég hefði átt hálfan bíl í 6 ár og hefði því sparað óhemju ál, eflaust margfalt það magn sem ein svona kaffivél torgar á líftíma sínum. Svo væri ál jú mjög endurvinnanlegt efni. Kunningja mínum fannst ekki mikið til koma og vísaði í einhverja tölfræði um að fólk væri lítið að skila álhylkjunum í endurvinnslu. Ég hafði ekki lagst í neinar rannsóknir, fannst ég aðþrengd og vildi ekki missa mig í umhverfisáskanir eins og „bíddu, borðar þú ekki kjöt?“ Þessar samræður runnu því út í sandinn en ég var hugsí. Hugsí yfir því að ég þyrfti að verja það fyrir sjálfri mér og öðrum að íhuga kaup á kaffivél sem væri hugsanlega ekki sú umhverfisvænsta á markaðinum.

Það eru margir fletir á þessu máli. Neytendur geta, sem betur fer, haft mjög mikil áhrif með því að beita þrýstingi og gera kröfur. Óánægja með einnota umbúðir og gagnrýni á álboxin litlu eru án efa ástæða þess að nú er umhverfismálum og endurvinnslu gert hátt undir höfði á heimasíðu Nespresso. Fyrirtækið hefur greinilega fundið sig knúit til að bregðast við gagnrýninni. Síðan er hitt að við neytendur eigum það til að leggjast í sortir þegar kemur að umhverfismálum. Sum mál eru mikið í umræðunni á meðan önnur sigla undir radarinn. Plastpokar eru til dæmis mjög illa þokkaðir og plaströr litin hornauga. Þá virðist textíll vera heitt umhverfismál á meðan raftæki fá mun minni athygli. Raftækjarusl er þó sá úrgangur sem vex hraðast.

Erfitt, ef ekki ómögulegt, er fyrir neytendur að bera saman umhverfisspor enda ótal þættir sem skipta máli í lífsferli hverrar vöru. Grænþvottur fyrirtækja flækir svo enn málin þannig að eftirspurn eftir áreiðanlegum upplýsingum er eðlilega mikil. Norræni Svanurinn er gott dæmi um frábært framtak framsýnna stjórnálamanna á Norðurlöndum og ég þarf ekki að hugsa mig um þegar ég hef val um svansvottaða vöru. Vöruflökkarnir eru hins vegar of fáir en það stendur vonandi til bóta. Lífið er víst nógu snúið þótt maður þurfi ekki að burðast um með neysluskömm ofan á allt annað.

Brynhildur Pétursdóttir

Efling styrkir Neytendasamtökin

Stjórn Eflingar ákvað að leggja Neytendasamtökunum lið í baráttunni við smálánafyrirtækin. Einnig fengu samtökin styrk til að efla enn frekar Leigjendaaðstoðina sem samtökin hafa rekið um árábil. Styrkur sem þessi skiptir samtökin miklu máli og gerir þeim kleift að halda baráttunni áfram.



Lögbannsmál gegn Almennri innheimtu ehf.

Neytendasamtökin kröfðust þess að sýslumaðurinn á höfuðborgarsvæðinu legði lögbann við því að Almennri innheimta ehf. og Gísli Kr. Björnsson innheimti kröfur vegna ólögmeðtra smálána. Sýslumaður hafnaði lögbannsbeiðninni og var þá ákveðið að bera niðurstöðu sýslumanns undir héraðsdóm. Þegar þetta er skrifað er niðurstöðu héraðsdóms beðið.

Einnig hefur verið unnið í skuldfærslumálum en nokkuð er um að skuldfært hafi verið af reikningum lántakenda vegna smálána, jafnvel mörgum árum eftir að lán voru tekin. Þá hefur, í sumum tilfellum, verið mögulegt að reikna út ofgreiðslur lántakenda smálána sem í sumum tilfellum nema hundruðum þúsunda og hafa þá verið gerðar endurkröfur á lánveitanda. Lítið er um samningsvilja og visar smálánafyrirtækið ítrekað til þess að um lánin gildi dönsk lög þrátt fyrir að Neytendastofa hafi komist að þeirri niðurstöðu að svo sé ekki. Baráttan heldur því áfram enda ólíðandi að fyrirtæki sem stunda lánastarfsemi og innheimtustarfsemi á neytendamarkaði komist upp með skýlaus lögbrot.

Félagsmenn athugið

- Greiðsluseðlar ekki sendir heim

Greiðsluseðlar vegna félagsgjalds eru ekki lengur sendir með bréfpósti. Þeir félagsmenn sem óska sérstaklega eftir því að fá greiðsluseðla senda með pósti eru beðnir að hafa samband í síma 545 1200 eða með tölvupósti á ns@ns.is



Námskeið fyrir alla leigjendur

Leigjendaaðstoðin stóð fyrir námskeiði fyrir leigjendur þann 24. október sl. þar sem farið var yfir ýmsa þætti sem leigjendur ættu að hafa í huga. Á námskeiðinu var mikið spurt um uppsagnarfrest og skil á tryggingarfé en það eru jafnframt þau ágreiningsefni sem Leigjendaaðstoðin fær hvað oftast inn á sitt bord. Námskeiðið þótti vel heppnað og er markmiðið að halda fleiri slík námskeið enda full þörf á.



Á myndinni má sjá Kolbrúnu Örnú Villadsen og Einar Bjarna Einarsson en þau starfa bæði fyrir Leigjendaaðstoðina.

Pósturinn rukkar alltaf tvisvar

Margar kvartanir hafa borist Neytendasamtökunum vegna hærra verðs á póstsendingum frá útlöndum. Hækkunin er tilkomin vegna gjalds sem Íslandspóstur leggur nú á allar póstsendingar til landsins.

Ótæpileg gjaldtaka

Neytendasamtökunum hefur borist fjöldi ábendinga vegna gjaldheimtu Íslandspósts. Þannig var félagsmanni t.d. gert að greiða sendingargjald og umsýslugjald vegna breskrar tímaritsáskriftar, samtals 995 kr. fyrir hvert eintak.

Lýsing	Upphæð
Afhending sendingar styk C07603416BNL	0,00 0
Aðflutningsgjöld (E3 C07603416BNL	7.618,00 0
Umsýslugjald E3 - Pa C07603416BNL	995,00 0
Sendingargjald - Evr st C07603416BNL	400,00 0
Samtals kr.	9.013,00
Kort VISA Electron 7313	-9.013,00
VSK% Nettóupphæ	VSK Upphæð
0 9.013,00	0,00 9.013,00

Hér þurfti viðtakandi að greiða "Aðflutningsgjöld" sem í raun er virðisaukaskattur af verðmæti sendingarinnar. Ennfremur 995 kr. í umsýslugjald auk 400 kr. í sendingargjald, en sendingargjaldið er hið umdeilda endastöðvagjald sem sett var á síðastlið sumar.

Lýsing	Upphæð
Afhending sendingar styk AK0013478341S	0,00 0
Aðflutningsgjöld (E3 AK0013478341S	725,00 0
Umsýslugjald E3 - Tö AK0013478341S	595,00 0
Sendingargjald - Evr st AK0013478341S	400,00 0
Samtals kr.	1.720,00
Kort VISA Electron 0380	-1.720,00
VSK% Nettóupphæ	VSK Upphæð
0 1.720,00	0,00 1.720,00

Starfsmaður samtakanna fékk sent umslag frá Noregi með smávöru sem kostaði 179 norskar krónur eða um 2.450 kr. Þar af voru 36 norskar krónur í þarlandan virðisaukaskatt. Þegar hann sótti umslagið á pósthúsið var honum gert að greiða 1.720 kr. sem skiptust þannig að 725 kr. voru virðisaukaskattur, 595 kr. umsýslugjald og 400 kr. sendingargjald.



Tap á rekstri Íslandspósts

Mikið viðvarandi tap hefur verið á rekstri Íslandspósts um margra ára skeið, sem fyrirtækið segir að sé til komið vegna erlendra sendinga. Íslandspóstur fékk neyðarlán frá ríkinu og leyfi til að leggja gjöld á allar póstsendingar frá útlöndum. Svör við fyrirspurnum Neytendasamtakanna og niðurskurðaraðgerðir nýs forstjóra vekja upp spurningar um hvort eftirliti hafi verið ábótavant og neytendur séu látnir borga fyrir misheppnaðar tilraunir Íslandspósts til að hasla sér völl á samkeppnismarkaði.

Umdeilt gjald

Samkvæmt breytingum á lögum um pósthjónustu sem tóku gildi nýlega er Íslandspósti nú heimilt að innheimta svokallað endastöðvagjald að því gefnu að það taki mið af kostnaði við póstmæðferð, upphæð þess sé í samræmi við gæði þjónustu og gjaldið gegnsætt. Leggja þurfti fram sérstakt frumvarp til að heimila gjaldtökuna og var það samþykkt á Alþingi vorið 2019. Endastöðvagjaldið var síðan tekið upp í sumar en í gjaldskrá er það kallað sendingargjald; 400 kr. fyrir sendingar frá Evrópu og 600 kr. fyrir sendingar frá löndum utan Evrópu. Að auki leggst umsýslugjald á allar sendingar, frá 450 kr. að 995 kr. Þannig kostar að lágmarki 850 krónur að fá sendingar frá Evrópu en að lágmarki 1.050 krónur að taka á móti sendingum frá löndum utan Evrópu.

Kostnaði mótmælt

Rökin fyrir hinu umdeilda endastöðvagjaldi eru þau að stærsti hluti vanda Íslandspósts sé vegna sendinga frá Asíu og að þær séu í raun niðurgreiddar. Samkvæmt Alþjóðapóstsamningnum fá lönd sem skilgreind eru sem þróunarlönd að halda eftir meginþorra þess pósthúðargjalds sem sendandi greiðir. Samt sem áður er þetta nýja gjald lagt á sendingar frá öllum löndum. Séu lélegir samningar ástæða vanda Íslandspósts telja Neytendasamtökin réttast að íslensk stjórnvöld réðust að rót vandans í stað þess að seilast í vasa íslenskra neytenda. Það er hins vegar áleitinn spurning hvort með endastöðvagjaldinu sé verið að greiða niður óráðsú undanfarinna ára og tap á samkeppnishluta Íslandspósts. Það væri háalvarlegt mál.

Neytendasamtökin hafa mótmælt því harðlega að kostnaði vegna rekstrarvanda Íslandspósts sé velt á herðar neytenda án þess að fyrir liggja greining á því hver kostnaður vegna erlendra sendinga er í raun. Neytendasamtökin hafa því ítrekað óskað eftir gögnum sem liggja til grundvallar endastöðvagjöldunum en fengið þau svör að þau séu ekki til. Samtökin hafa bent Íslandspósti og umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis á að gjaldtakan brjóti beinlínis í bága við 17. grein pósthjónustulaga enda eigi gjöldin að byggja á raunkostnaði við að veita þjónustuna. Þá bentu Neytendasamtökin á í umsögn sinni við áður nefnt frumvarp að réttara væri að ráðast í hagræðingaradgerðir áður en gjaldið yrði tekið upp. Nýráðinn forstjóri hefur raunar gripið til hagræðingaradgerða, en gerði það þó ekki fyrir en eftir að þessu gjaldi var komið á.

Eftirlitsskortur?

Eins og áður segir verða endastöðvagjöldin að grundvallast á raunkostnaði. Samtökin kölluðu því eftir upplýsingum um kostnað Íslandspóstis við sendingar frá útlöndum, frá hvaða heimsálfum þær koma og kostnað við móttöku sendinganna. Frá Íslandspósti bárust þau svör að gögnin væru ekki til og vísaði fyrirtækið á Póst- og fjarskiptastofnun. Í svari stofnunarinnar kemur fram að hún hafi í raun aldrei haft raunverulegt eftirlit með gjaldskrá Íslandspóstis. Vegna þessa eftirlitsskorts gætu neytendur hafa greitt í gegnum tíðina kostnað sem þeim ber ekki að greiða. Þá vakna upp spurningar um hvort Íslandspóstur hafi mögulega blandað saman kostnaði vegna einkareksturs, alþjónustureksturs og samkeppnisreksturs, sem á að vera algerlega aðskilinn. Sé það raunin gætu neytendur hafa greitt fyrir tap samkeppnisrekstrarins.

Neytendasamtökin sendu fyrirspurn til Póst- og fjarskiptastofnunar um eftirlit stofnunarinnar með gjaldskránni og í svari hennar segir meðal annars:

„Í tengslum við samþykki gjaldskrár innan einkaréttar hefur t.d. gjaldskrá félagsins ávallt verið borin saman við sambærilegar gjaldskrár á norðurlöndum, sjá t.d. ákvörðun PFS nr. 21/2018. Ekki hefur hingað til þótt ástæða til að gera könnun á öðrum vörum innan alþjónustu, t.d. pökkum... Í tilviki hins sérstaka gjalds á erlendar póstsendingar skv. lögum nr. 98/2019 er t.d. ekki gert ráð fyrir því að PFS samþykki gjaldið fyrirfram. Stofnuninni er hins vegar gert að fara yfir kostnaðarforsendur ÍSP fyrir hinu nýja gjaldi. Þeirri vinnu er hins vegar ekki lokið og á þessu stigi ekkert hægt að segja um mögulega niðurstöðu.“

Rétt verð byggt á réttum kostnaði

Í kjölfar þessa svars Póst- og fjarskiptastofnunar, þar sem beinlínis er sagt berum orðum að stofnunin hafi ekki haft raunverulegt eftirlit með gjaldskránni, bentu Neytendasamtökin nefndarmönnum í umhverfis- og samgöngunefnd á þennan eftirlitsskort og að kostnaðargrunnur sé í raun óþekktur. Samtökin sendu einnig samhljóða erindi til samgöngu- og sveitastjórnarmálaráðuneytisins. Þá hafa stjórnendur Íslandspóstis viðurkennt verulegt óhagræði í rekstri, sem nemur að lágmarki 500 milljónum á ársgrundvelli. Er það þrátt fyrir innbyggða hagræðingarskyldu samkvæmt lögum og að Póst- og fjarskiptastofnun ber skylda til að hafna óþarfa kostnaði innan alþjónustu. Þá kemur fram í nýlegri úttektarskýrslu Ríkisendurskoðunar að samkeppnisrekstur Íslandspóstis utan alþjónustu hafi ekki borið hlutdeild í föstum kostnaði, þrátt fyrir verulegar fjárfestingar, eins og lög gera ráð fyrir. Það þýðir að samkeppnisreksturinn hafi fengið fría þjónustu, þvert á lög, og að alþjónustan og einkaréttarreksturinn hafi greitt fyrir samkeppnisreksturinn, þar með talið póstsendingar frá útlöndum. Það er skýr vísbending um að kostnaðargrunnur alþjónustunnar, sem gjaldskráin byggir á, sé of hár. Með því að færa misheppnaðar fjárfestingar úr fortíðinni yfir á alþjónustu er neytendum í raun gert að greiða fyrir þær í framtíðinni, þvert á lög um pósthjónustu.

Því þarf að tryggja að of hár kostnaðargrunnur verði ekki festur í sessi til framtíðar og lagður til grundvallar lögbundinni gjaldskrá, á kostnað neytenda. Neytendasamtökin hafa lengi gagnrýnt háan kostnað vegna póstsendinga sem hamlar samkeppni og stuðlar að hærri verðlagningu verslana á Íslandi með því að reisa ígildi verndarmúra. Þess vegna hafa samtökin beint málinu til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) þar sem gjaldið gæti brotið í bága við EES-samninginn. Málið er nú til skoðunar hjá ESA.

Verðskrá Póstsins
Júní 2019



Þjónusta fyrir sendingar frá útlöndum

Verðskráin er birt með fyrirvara um villur og breytingar

Tollskýrslugerð	3.850 kr.
Hver lína umfram eina	285 kr.
Heimsending	990 kr.
Flýtiþjónusta á pósthús samdægurs	1.195 kr.
Flýtiþjónusta og heimkeyrsla sama kvöld	1.895 kr.
Flýtiþjónusta og heimkeyrsla samdægurs	2.690 kr.
Flýtafgreiðsla sótt samdægurs (Póstmiðstöð, Stórhöfða 32)	5.380kr
Innflutningsleyfi	740 kr.
Umsýslugjald	450 kr.*
Umsýslugjald (E3) - pappír	995 kr.*
Umsýslugjald (E3) - tölvupóstur	595 kr.*
Umsýslugjald (E3) - sjálfvirk skuldfærsla	535 kr.*
Sendingargjald - innan Evrópu	400 kr.*
Sendingargjald - utan Evrópu	600 kr.*
Geymslugjald per dag á tollalager, reiknast eftir 7 daga frá komudegi	195 kr.
Geymslugjald per virkan dag á pósthúsi, reiknast eftir 10 virka daga frá komudegi	195 kr.
Útflutningsskýrsla	2.900 kr.
Leit að reikning/itarleg meðhöndlun	495 kr.
Umsýslugjald vegna tollkrítar	935 kr.

*Ekki virðisaukaskattskyli

Verðskrá Íslandspóstis vegna þjónustu fyrir sendingar frá útlöndum er illskiljanleg og erfitt fyrir leikmann að gera sér grein fyrir kostnaði. Í lögum um pósthjónustu segir í 16. grein: „Gjaldskrár fyrir alþjónustu, [þar á meðal gjaldskrár vegna erlendra póstsendinga], skulu taka mið af raunkostnaði við að veita þjónustuna að viðbættum hæfilegum hagnaði. Gjaldskrár skulu vera auðskiljanlegar og gæta skal jafnræðis.“

OKURVEITAN?

-Skuldar Orkuveita Reykjavíkur - vatns- og fráveita notendum milljarða?

Orkuveita Reykjavíkur -vatns og fráveita sf. (OR) gæti hafa innheimt vatnsgjöld sem nema milljörðum króna undanfarin ár, umfram það sem lög leyfa. Þá greiddi vatnsveitan arð sem nam 2 milljörðum króna til eiganda síns í fyrra. Svör OR við fyrirspurnum Neytendasamtakanna voru ákaflega loðin og óljós og hafnaði OR að svara frekari spurningum og samstarfi svo hægt væri að varpa ljósi á málið. Neytendasamtökin sendu því fyrirspurn til samgöngu- og sveitastjórnarráðuneytisins þar sem spurt var um heimild OR til að greiða út arð og hvernig fjármagnskostnaður skyldi reiknaður. Svar ráðuneytisins barst 14. nóvember og er skýrt: „Það er mat ráðuneytisins að sveitarfélögum er óheimilt að greiða sér arð úr rekstri vatnsveitna. (...) Það er mat ráðuneytisins að hugtakið „fjármagnskostnaður“ í skilningi 10. gr. laga [um vatnsveitur sveitarfélaga], verður ekki túlkað með þeim hætti að það geti náð yfir áætlaðan kostnað/ arðsemiskröfu sveitarfélaga af bundnu eigin fé í vatnsveitum.“

Neytendasamtökin skora á stjórn Orkuveitunnar og kjörna fulltrúa eigenda að skoða málið í kjölinn, krefjast svara frá stjórnendum fyrirtækisins og tryggja að fyrirtækið endurgreiði notendum vatnsveitunnar oftekin vatnsgjöld undanfarinna ára. Sjá nánar um málið á ns.is



Auglýst vara á að vera verðmerkt

Ósáttur neytandi sendi fyrirspurn til Neytendasamtakanna um verðmerkingar í blöðum, bæklingum og á netinu. Sagðist hann langþreyttur á auglýsingum þar sem ekki kæmu fram upplýsingar um verð á auglýstri vöru og þjónustu og spurði hvort slíkt gæti staðist lög.

Þórunn Anna Árnadóttir er sviðsstjóri hjá Neytendastofu. Hún segir alltaf skylt að verðmerkja vöru og þjónustu hvar sem hún er kynnt og auglýst til sölu. „Í því felst að þegar verið er að auglýsa tilteknar vörur eða þjónustu, hvort sem það er í bæklingum, á heimasíðu, öllum vefsíðum, í útvarpi, sjónvarpi eða búðagluggum, þá á að koma fram endanlegt verð og einingaverð þar sem það á við.“ Þórunn Anna segir þessar reglur að sjálfsögðu einnig eiga við um fyrirtæki sem selja vöru og þjónustu í gegnum Facebook, en þar sé víða þottur brotinn.

Sterkasta vopn neytenda er að kvarta beint við seljanda ef upplýsingar um verð eru ófullnægjandi. Neytendastofa fer með eftirlit með verðmerkingum og hægt er að senda ábendingar á postur@neytendastofa.is.





NEYTENDA SAMTÖKIN

Í TÍMANS RÁS

Við tókum upp þráðinn þar sem frá var horfið en í síðasta tölublaði sögðum við frá sögulegum aðalfundi samtakanna árið 1969. Á þessum tíma voru samtökin orðin allt að því óstarfhæf en með samstilltu átaki tókst að koma þeim á réttan kjöl þótt það væri einungis tímabundið. Það má því með sanni segja að næsta áratuginn hafi skipst á skin og skúrir í starfi samtakanna.

STARFSFÓLK SAMTAKANNA

Gísli Gunnarsson starfaði meira fyrir Neytendasamtökin og kom meira að stefnumótun þeirra en nokkur annar maður frá 1968–1972. Var hann í hlutastarfi á tímakaupi en hann var gagnfræðaskólakennari að aðalstarfi. Hrafn Bragason, síðar hæstaréttardómari, var lögfræðiráðgjafi samtakanna, einnig í hlutastarfi á tímakaupi en hann var þá dómarafulltrúi að aðalstarfi. Frá haustinu 1969 til miðs árs 1973 var Áslaug Káradóttir fastráðinn starfsmaður samtakanna og sá þar um allt skrifstofuhald. Hrafn hætti störfum fyrir samtökin 1971. Snemma árs 1971 var Björn Baldursson lögfræðingur ráðinn í hlutastarf sem yfirmaður kvörtunarþjónustu samtakanna, einnig skyldi hann létta ritstjórnarstörf Gísla. Hann hafði titil sem framkvæmdastjóri en því fylgdu engin völd og féll honum það illa. Gísli, með aðstoð Bjarna, réð áfram því sem hann vildi. Gísli og Birni samdi ekki og vildi Gísli láta víkja Birni úr starfi snemma árs 1972 en tilaga þar um var felld í stjórn.



Gísli Gunnarsson

Það urðu óneitanlega nokkur kaflaskil þegar Gísli hætti öllu starfi fyrir samtökin og hvarf utan til náms 1972. Við brottför hans voru þrír ráðnir í hlutastarf við ritstjórn samtakanna og voru þá á tímabili fimm í einhvers konar starfi við skrifstofu samtakanna. Ekki náðist að skipuleggja starfið sem skyldi. Vaxandi spennu gætti milli Björns Baldurssonar og sumra ritstjórnarmanna annars vegar og stjórnarinnar hins vegar, meðal annars vegna greiðslna fyrir vinnu. Fóru leikar svo að öllu hlutastarfsfólki var sagt upp vorið 1973. Burðarási í daglegu starfi samtakanna, Áslaugu Káradóttur, fannst stjórnin ganga of langt í uppsögnum sínum og sagði sjálf upp störfum í mótmælaskyni. Haustið 1973 voru samtökin aftur komin í umtalsverð vandræði hvað varðar stjórn, starf og fjárhag. Bjarni Helgason sem hafði verið varaformaður samtakanna frá 1971 tók við formennsku 1973 og gegndi embættinu til 1974. Þá gegndi Guðmundur Einarsson formennsku í eitt ár, 1974–1975 og Sigurður P. Kristjánsson í annað ár, 1975–1976.

Fámenn samtök eða félagsófreskja

Á formannsárum Bjarna, Guðmundar og Sigurðar var lögð áhersla á alhliða sparnað, niðurskurð og skuldgreiðslu. Á þessum aðhaldsárum, 1973–1976, var öll starfsemi Neytendasamtakanna skorin niður. Útgáfustarfsemi var í lágmarki og í nokkur ár kom einungis út eitt tölublað Neytendablaðsins á ári og stundum ekkert og önnur starfsemi samtakanna var eftir því. Þegar samtökin náðu svo því mikilvæga markmiði að greiða skuldir sínar að mestu leyti hafði það kostað þau þúsundir félagsmanna sem hafði fækkað í fimmtán hundruð manns í lok áttunda áratugarins.

Hylli fjöldans er hverjum þeim nauðsynleg, sem einhverjum félagslegum árangri vill ná. Því er starf Neytendasamtakanna þeim mun athyglisverðara, að þau hafa aldrei náð nema til tiltölulega fámenns hóps neytenda.



Bjarni Helgason
var formaður
frá 1973–1974

STJÓRNARTÍÐ REYNIS ÁRMANNSSONAR

Árið 1976 varð Reynir Ármannsson formaður Neytendasamtakanna og gegndi hann formennsku til 1982. Reynir var yfirvegaður, raunsær og gættinn. Honum tókst það erfiða verkefni að losa samtökin endanlega úr skuldum, koma aftur á festu við stjórnunina og snúa samtökunum aftur til sóknar, hægt og bítandi án þess að fjármálin færu úr böndunum. Nú var ráðinn einn starfsmaður á skrifstofuna í fullt starf og 1981 fjölgaði tölublöðum Neytendablaðsins úr einu í tvö á ári. Auðvitað var fjármálastjórnin á þessum erfiðu árum ekki eingöngu í höndum eða alfarið á ábyrgð formanna samtakanna. Gjaldkerar unnu þar mikið og oft erfitt starf og má í því sambandi nefna einstaklinga á borð við Björn Matthíasson, Eiríku Friðriksdóttur og Sigriði Friðriksdóttur.

Verðum ekki pólitískt bitbein



Allar öfgar hvort heldur þær eru af stjórnmálalegum eða trúarlegum toga eða á sviði neytendamála eru óheppilegar. Neytendasamtökin eru ekki á móti kaupmönnum, þau eru á móti óréttmætum viðskiptaháttum. Neytendasamtökin eru ekki á móti opinberum stofnunum, en þau eru því mótfallin að þessi fyrirtæki misnoti einokunaraðstöðu sína og hlunnfari neytendur.

Reynir Ármannsson
var formaður
frá 1976–1982

ÞVERPÓLÍTÍSK SAMTÖK

Reynir gerði sér grein fyrir því að Neytendasamtökin væru ekki og yrðu líklega aldrei ópólítísk. Þau væru hins vegar þverpólítísk og því skipti mestu að komast hjá illvígum, pólítískum deilum með því að forðast öfgar og ræða opinskátt um ágreiningsmál. Þetta tókst í öllum meginatriðum í stjórnartíð hans, enda Reynir sjálfur öfgalaus, hógvær og víðsýnn með mikla reynslu af félagsmálum. Hann starfaði sem póstmáður á árunum 1941–1982 og hafði verið formaður Póstmannafélags Íslands á árunum 1970–1976. Reynir lést 4. desember 2002.

Jónas Bjarnason var varaformaður Neytendasamtakanna lengst af í formannstíð Reynis, eða á árunum 1976–1981. Hann var efnaverkfræðingur að mennt og stundaði framhaldsnám í næringarfræði, var yfirverkfræðingur hjá Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, var formaður BHM 1974–1978 og forseti Náttúrulækningafélags Íslands. Jónas kom mikið að stjórn samtakanna á þessum árum og skrifaði fjölda greina um neytendamál í tímarit samtakanna og í dagblöð. Guðsteinn V. Guðmundsson var ráðinn framkvæmdastjóri samtakanna árið 1981 og gegndi því starfi til ársins 1987.

BARÁTTUMÁL Í TÍÐ REYNIS

Af stórum málum Neytendasamtakanna í stjórnartíð Reynis má einkum nefna þrjú mál: Í tómata málinu börðust samtökin fyrir því að Sölufélag garðyrkjumanna hætti að fleygja á haugana svonefndri umframframleiðslu tómatu yfir háuþpskerutímann til þess að koma í veg fyrir verðlækkun þegar framboðið var mest. Þetta tókst með góðri aðstoð DV sem birti fréttir og myndir af þessari ógeðfelledu soun.

Samtökin komu einnig mjög við sögu í svonefndu lagmetismáli. Neytandi hafði kvartað undan gölluðum, niðursoðnum sjólaxi. Við nánari athugun kom í ljós að mikið var um gallað, jafnvel skemmt lagmeti framleitt hér á landi og fengust umtalsverðar úrbætur á þeim málum í samvinnu við heilbrigðisyfirvöld.

Loks má nefna mjólkurmálið en 1981 hafði Mjólkursamsalan notast við bilað gerilsneyðingartæki í marga mánuði með þeim afleiðingum að mjólkurgæðin minnkuðu stórlega, auk þess sem mjólkinn hafði nánast ekkert geymsluþol. Vegna baráttu samtakanna skipaði þáverandi heilbrigðisráðherra nefnd sem kom með ýmsar mikilvægar úrbótatillögur. Mjólkurfræðingafélag Íslands studdi Neytendasamtökin í þessum málarekstri. Þá kom sér vel að Jóhannes Gunnarsson mjólkurfræðingur, síðar formaður samtakanna, var orðinn mjög virkur í samtökunum. Þess má geta að samtökunum var stefnt er þau leyfðu sér að vara við tiltekinni auglýsingu um litasjónvörp. Málið minnti á Hvile Vask-málið en Neytendasamtökin unnu nú málaferlin bæði í undirrétti og hæstarétti.



Hér má sjá tómata sem hent hafði verið á haugana. Myndina tók Hörður Vilhjálmsson en hún birtist með frétt í Dagblaðinu árið 1978 sem olli miklu fjaðrafoki.

NEYTENDAFÉLÖG VIÐA UM LAND

Mikilvægustu breytingarnar á uppbyggingu og félagsstarfi Neytendasamtakanna hófust í stjórnartíð Reynis. Þá voru stofnuð neytendafélög víðs vegar um landið. Strangt til tekið voru Neytendasamtökin upphaflega stofnuð sem Neytendafélag Reykjavíkur. Málsvavar samtakanna fengu oft að heyra það frá alþingismönnum og öðrum ráðamönnum að hér væri í raun um að ræða hagsmunafélag sem væri svæðisbundið við höfuðborgarsvæðið. Það var því mjög mikilvægt fyrir ímynd samtakanna út á við, sem og alla félagslega uppbyggingu þeirra, að hefja stofnun öflugra neytendafélaga á landsbyggðinni.

Þessi þróun hófst með stofnun öflugs félags í Borgarnesi 1978. Sá sem þar kom mest við sögu var mjólkurfræðingurinn Jóhannes Gunnarsson. Í kjölfar Borgarnessfélagsins var stofnað neytendafélag á Akranesi sama ár, á Akureyri 1979 og síðan á Húsavík, Egilsstöðum, Seyðisfirði, Neskaupstað, Eskifirði, Reyðarfirði, Fáskrúðsfirði og Höfn í Hornafirði. Neytendafélög voru stofnuð á Blönduósi og Sauðárkróki snemma árs 1980 en 1982 var stofnað neytendafélag á Ísafirði og sérstakt neytendafélag á höfuðborgarsvæðinu.

Lögum Neytendasamtakanna var síðan breytt þannig að Neytendasamtökin urðu í raun landsamtök þessara neytendafélaga. Jafnframt var stjórnarmönnum í Neytendasamtökunum fjölgað úr sjö í tólf. Þessar breytingar tóku gildi á aðalfundi samtakanna 1982.



Fulltrúar frá Vestmannaeyjum vinstra megin við borðið: Hildur Oddgeirsdóttir og Stella Skaptadóttir, formaður. Á móti þeim situr Jóna Ólöf Emilsdóttir frá Neytendafélagi Ísafjarðar.



Stofnfundur Neytendafélags Austur-Skaftafellssýslu var haldinn á Höfn í Hornafirði



Fulltrúar frá Héraðsdeild Ns á Egilsstöðum: Pálina Hauksdóttir, vinstra megin og Oddrún Sigurðardóttir, formaður.



Núverandi stjórn NAN, á myndina vantar Sigríði Jóhannsdóttir. Standandi f.v: Stefania Arnórsdóttir, Margrét Ragnúels, Valgerður Magnúsdóttir, Úlfhildur Rognvaldsdóttir og Jónína Pálsdóttir. Sitjandi f.v: Stefán Vilhjálmsson, Steinar Þorsteinsson og Þórarinn Þorbjarnarson

Ragnhildur Björg Guðjónsdóttir
skráði sögu Neytendasamtakanna


Brugðið var á ýmiss ráð til að fanga athygli lesenda Neytendablaðsins fyrr á árum. Hér má sjá tilkynningu til félagsmanna um að láta samtökin vita um aðsetursskipti



Þetta er ekki auglýsing um nærbuxur. Þessi mynd er aðeins sett hér í þeim tilgangi að draga athygli ykkar að mjög mikilvægu máli:

Tilkynnið Neytendasamtökunum aðsetursskipti!

Fyrr á tímum mátti gjarnan sjá skopmyndir á síðum Neytendablaðsins.



Ef eingöngu væru notaðir öskubakkar af þessari tegund, mætti koma í veg fyrir fjölda slysa á smábörnum.



Ætli hann haldi því ekki fram að þetta sé galli.

Neytendastarf er í allra þágu

Arion banki

Atlantsolía

Bananar

Bónus

Hagkaup

Íslandsbanki

Kjörbúðin

Krambúðin

Krónan

Kvika

Landsbankinn

MS

Myllan

N1

Nettó

Olís

Samkaup

Sjóvá

Skeljungur

TM

Vínbúðin

VÍS

Vörður tryggingar



Frá formanni

Skýrari stefna, sterkari saman!

Á kraftmiklum aðalfundi Neytendasamtakanna þann 26. október var einróma samþykkt ný grunnstefna samtakanna. Stefnan endurspeglar raunverulegt starf samtakanna og byggir á breiðum grunni. Í grunnstefnunni er ekki tekið á, eða farið ofan í, einstök málefni, en hana er þess í stað hægt að nota sem mælistiku á öll þau mál sem Neytendasamtökin glíma við hverju sinni.

Hingað til hefur verið mótuð sértæk stefna í nánast hverju máli fyrir sig. Því hefur verið lýst á þann veg að oft hafi stefna samtakanna endurspeglað áhugasvið einstakra drifandi félagsmanna og jafnvel hafi sumir málefnaþópar verið yfirteknir af ötulum félaga sem hafi mótað stefnu eftir eigin höfði. Þannig var meðal annars til stefna um innihaldslýsingar hveitipakka og rýmingaráætlun Reykjavíkur ef til náttúruhamfara kæmi. Segja má að þessi vinnubrögð hafi endurspeglað tíðarandann sem þau spruttu úr. Þing samtakanna var haldið annað hvert ár og samskiptin voru þyngri og fátíðari en nú gerist. Þing hafa verið aflögð en framvegis verða haldnir aðalfundir á hverju ári þar sem kosið verður um helming stjórnar, og annað hvert ár um formann. Þá eru eðli samskipta í dag á þann veg að félagsmenn, sem og aðrir neytendur, geta látið álit sitt í ljós mun örur en áður. En það sem meira var, þá brá það við að stefnan endurspeglaði ekki raunverulegt starf samtakanna. Þannig hafa samtökin til dæmis ekki haft neina eiginlega stefnu varðandi smálán, en hafa þrátt fyrir það barist hatrammlega gegn þeim í þann áratug sem þau hafa verið við lýði á Íslandi.

Grunnkröfur neytenda leiðarvísir til framtíðar

Leiðarvísir og grunnur að starfi Neytendasamtakanna eru nú átta grunnkröfur neytenda settar fram af Sameinuðu þjóðunum. Allur almenningur, án tillits til tekna eða félagslegrar stöðu, á að njóta lágmarksréttinda sem neytendur, en þau eru: Réttur til að fá grunnþörfum mætt, réttur til öryggis, réttur til upplýsinga, réttur til að velja, réttur til áheyrnar, réttur til úrlausnar, réttur til neytendafræðslu og réttur til heilbrigðs umhverfis. Þá bæta Neytendasamtökin við níundu grunnkröfunni sem er rétturinn til stafrænnar neytendaverndar. Sjálfbærni er sífellt að verða mikilvægari í neytendahreyfingum um heim allan. Þess vegna líta Neytendasamtökin einnig til hinna 17 heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun. Nánari upplýsingar um grunnstefnu Neytendasamtakanna og útfærslu hennar er að finna á vef samtakanna, www.ns.is.

Grunnstefnunni er ætlað vera raunverulegur vegvísir fyrir félag, starfsmenn og stjórnendur, en ekki síður fyrir ráðandi öfl í stjórnámum og viðskiptum svo þau skilji hlutverk Neytendasamtakanna, markmið þeirra og mikilvægi fyrir okkur öll og við getum öll unnið að þeim saman. Neytendasamtökin eru frjáls félagasamtök sem borin eru uppi af félagsgjöldum. Samtökin munar því um hvern félagsmann. Með skýrari stefnu erum við sterkari saman.

Breki Karlsson



Fær ekki að sjá lánið sitt

Kona sem er félagi í Neytendasamtökunum hafði samband og benti á merkilega gloppu í lögum um fasteignalán. Konan er ásamt eiginmanni sínum með húsnæðislán hjá Íbúðalánasjóði. Þau eru ekki með sameiginlegan fjárhag, heldur hvort með sinn bankareikninginn. Það hafði lengi angrað konuna að fá ekki yfirlit yfir stöðu íbúðarlánsins í heimabankanum sínum þar sem einungis eldri aðilinn í hjónabandinu fær yfirlitið í sinn heimabanka. Þar sem konan er yngri en eiginmaðurinn sá hún því aldrei yfirlit yfir lánið. Konunni þykir ótækt að þurfa að biðja manninn sinn um að opna heimabankann sinn svo hún geti séð stöðuna á láninu þeirra, sem er á nafni þeirra beggja og þau bera jafna ábyrgð á. Neytendasamtökin taka undir þessa ábendingu.

Hér er um að ræða gloppu í lögum um fasteignalán, gloppu sem reyndar er að finna víðar í lögum um lánveitingar til neytenda. Í lögnum eru tilteknar ótal upplýsingar sem lánveitanda ber að veita áður en lán er veitt. Ekkert er hins vegar að finna í lögnum um hvaða upplýsingar lánveitanda beri að veita lántaka á meðan uppgreiðsla láns á sér stað, eða hvaða rétt lántaki hafi til að fá slíkar upplýsingar. Hér skortir verulega á ein grunnréttindi neytenda, það er að segja rétt neytenda til upplýsinga.

Í framhaldinu hafa Neytendasamtökin beint þeirri ábendingu til fjármálaráðuneytisins að breyta lögum og bæta úr þessari gloppu hið fyrsta.

Hafa smálánafyrirtækin greitt stjórnvaldssektir?

Neytendasamtökin hafa ítrekað reynt að fá úr því skorið hvort stjórnvaldssektir sem lagðar voru á smálánafyrirtækin á árunum 2016 og 2017 hafi skilað sér í ríkiskassann. Um er að ræða töluvert háar sektir enda brotin ítrekuð og alvarleg. Samtökin sendu formlegt erindi vegna þessa á Fjársýslu ríkisins í júní og þegar beiðnin var ítrekuð fengust þau svör að Fjársýslan teldi sér ekki stætt á að veita slíkar upplýsingar um einstaka viðskiptavinum ríkisins og var vísað til laga um persónuvernd. Neytendasamtökin bentu hins vegar á að ákvarðanir um stjórnvaldssektir eru opinberar upplýsingar þar sem fyrirtæki eru nafngreind og upphæð sekta er tilgreind. Það er því að mati Neytendasamtakanna

ekki haldbær rökstuðningur hjá Fjársýslu ríkisins að upplýsingar um greiðslu sekta eigi ekki erindi við almenning né heldur að lög um persónuvernd eigi við í þessu tilfalli. Það er mikilvægt að fá úr því skorið hvort beiting stjórnvaldssekta í tilfellum eins og þessum sé raunhæft úrræði og telja Neytendasamtökin að ríkir almannahagsmunir séu fólgnir í því að fá aðgang að ofangreindum upplýsingum. Samtökin sendu því kærnu til kærunefndar upplýsingamála í október síðastliðnum og fóru fram á að Fjársýslan afhenti gögn sem sýndu hvort eða þá að hve miklu leyti umræddar sektir hefðu verið greiddar. Niðurstöðu er beðið.



Ertu nokku að gleyma gjafabréfi?

Neytendasamtökin heyrast alltaf of oft af því að fólk láti ekki reyna á gjafabréf ef gildistími þess er liðinn. Fólk telur að það hafi misst af tækifærinu til að nýta gjafabréfið og kann jafnvel ekki við að mæta á sölustað og vera með „vesen“. Neytendasamtökin minna því á að gildistími á kröfum er fjögur ár og ekkert bendir til þess að annað eigi við um gjafabréf þrátt fyrir að seljandi hafi ákveðið að setja gildistíma á kortið. Seljandi hefur fengið pening í kassann án þess að gera nokkuð á móti. Það þarf því að mati Neytendasamtakanna ansi bítæfing seljanda til að neita að afhenda vöru eða þjónustu eftir að hafa með glöðu geði tekið við peningum úr hendi kaupanda.

Kaupandi gjafabréfs

Ef þú ert að kaupa gjafabréf skaltu gera kröfu um fjögurra ára gildistíma hið minnsta. Slepptu því að kaupa gjafabréf ef þú ert ekki viss um að eigandinn muni nota það.



Hvert er kolefnisfótspor þitt?

Nú geta neytendur reiknað úr kolefnisfótspor sitt en verkfræðistofan Efla og Orkuveita Reykjavíkur hafa þróað kolefnisreikninn sem er öllum aðgengilegur á síðunni kolefnisreiknir.is. Neytendur geta einnig fengið ráðleggingar um það hvernig þeir geta dregið úr kolefnisspori sínu, sem er mjög mikilvægt þar sem allt lítur út fyrir að Ísland muni ekki ná að standa við skuldbindingar sínar gagnvart Parísarsamkomulaginu.

Neytendablaðið fagnar þessu framtaki og hvetur lesendur til að kynna sér málið.

„Neysludrifið kolefnisspor hins almenna íbúa á Íslandi er um 12 tonn CO₂ ígilda á ári en þyrfti nú þegar að vera um 4 tonn CO₂ ígilda til að halda hnattrænni hlýnun innan 1,5°C markmiðs Parísarsamkomulagsins.“

Heimild: Kolefnisreiknir.is

Eigandi gjafabréfs

Ef þú átt gjafabréf sem er útrunnið og gildistími er styttri en fjögur ár skaltu ekki hika við að fara til seljanda og gera kröfu um að fá að nýta bréfið. Ef seljandi neitar skaltu láta okkur vita.

Ef enginn gildistími er á gjafabréfi er líklegt að seljandi líti þannig á að gjafabréfið sé inneign sem gildi þar til hún hefur verið nýtt. Margir seljendur takmarka ekki gjafabréf með neinum hætti og því hægt að nýta þau svo framarlega sem seljandi er starfandi.

Seljandi gjafabréfs

Ekki setja gildistíma á gjafabréf, en ef það þykir nauðsynlegt ætti hann ekki að vera styttri en fjögur ár.

Taktu við gjafabréfi óháð gildistíma. Mundu að hér er viðskiptavinur á ferð sem mun að öllum líkindum launa góða þjónustu.

Seðlar ekki skylda

Mega fyrirtæki neita að taka við peningaseðlum og krefjast þess að greitt sé með korti? Stutta svarið er: Já.

Hér er lengra svarið: Á dögunum var haft samband við Neytendasamtökin þar sem Air Iceland Connect tekur einungis við greiðslu með kortum og ekki með peningaseðlum. Í kjölfarið leituðu Neytendasamtökin álits hjá Seðlabankanum á því hvort fyrirtækjum væri stætt á því að hafna því að taka við seðlum og myntum, sem samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands skulu vera „...lögeyrir til allra greiðslna...“.

Í svari sínu vísaði Seðlabanki Íslands til svars af sama tagi frá júlí 2016, hvar spurt var um flugfélagið Icelandair. Seðlabankinn segist ekki gera athugasemdir við að seljandi vöru og þjónustu krefjist þess að greiðsla sé innt af hendi með tilteknum hætti, hvort sem sú krafa er að einungis sé greitt með reiðufé eða rafrænum hætti þar sem reiknieiningin á bak við viðskiptin séu íslenskar krónur. Þetta þýðir að seljendum er heimilt að taka við greiðslu í íslenskum krónum með hvaða hætti sem er.



Spurt og svarað



Arnar Arngrímsson
ríthöfundur

Hver eru bestu kaup sem þú hefur gert?

Rafhjólið sem ég keypti fyrir tveimur árum; brekkur Akureyrar breytast í jafnsléttu og ég nota bílinn mun minna en áður. Eins verð ég að nefna Kindle-lesbrettið sem hefur þjónað mér í ein tíu ár. Þetta er fyrstu kynslóðar græja sem býr yfir nánast engum möguleikum eða sniðugleghetum. Gerir bara vel það sem hún á að gera.

Hver eru verstu kaupin?

Snjallúr sem ég keypti í sumar og skilaði eftir klukkutíma af því að það virkaði ekki. Á þessum klukkutíma varð mér líka ljóst að mig hvorki vantaði né vildi þetta dót.

Áttu neytendaráð sem þú vilt deila?

Veljum íslenskt, kaupum föt í Hertex, kaupu engar jólagjafir nema hugsanlega bók, helst ljóðabók. Það er glóruslaus vitleysa að kaupa drykki í áldósum sem hafa verið fluttar yfir hálfan hnöttinn. Sjálfdekið verður ekki meira, öll þessi fyrirhöfn fyrir vatnsblöndu sem tekur þig 15 sekúndur að drekka. Mundu að auglýsingafólkið er snjallara en þú og það herjar á varnarleysi þitt. Slökktu á auglýsingasuðinu. Huga sér að RÚV skuli taka þátt í þessu. Notarðu Fidget-spinnerinn enn þá?

Hvar fékkstu síðast frábæra þjónustu?

Tölvuteki Akureyri. Þeir seldu mér glæsilegt utanálggjandi geisladrif, settu upp í tölvunni og sendu mig glaðan á braut. Ég verð líka að nefna Fjölsmiðjuna á Akureyri og Skíðþjónustuna sem hefur séð um skíði mín og hjól í áratugi.

Ferðu vel með peninga?

Á síðustu árum hafa tekjur mínar verið afar sveiflukenndar. Ég get lifað á loftinu ef staðan er þannig en það er leiðinlegt til lengdar. Ég fæ lítið út úr því að fara út að éta og punga út 10-20 þúsund kalli fyrir miðlungs mat og vín.

Hvað þyrfti helst að breytast á Íslandi neytendum til hagsbóta?

Minnka vöruúrval, fækka verslunum, stytta opnunartíma, loka bönkum, lækka vexti, fara af fullum krafti í orkuskipti.



Gunnar Gunnarsson
ritstjóri Austurgluggans og Austurfréttar

Hver eru bestu kaup sem þú hefur gert?

Mér þykir afar vænt um bakpokann minn sem ég keypti mér fyrir nokkrum árum. Ég hef hann yfirleitt með mér hvert sem ég fer og í hann kemst bæði það sem ég þarf helst að nota hvern dag, auk þess sem ég get raðað í hann því sem ég kaupí í kvöldmatinn í búðinni á leiðinni heim úr vinnunni. Einnig verð ég nefna úlpu sem ég keypti á lagersölu 66°N en hún heldur mér bæði vel þurrum og heitum á veturna.

Hver eru verstu kaupin?

Fyrir nokkrum árum endurnýjaði ég allt sjónvarpssettið mitt og taldi rétt að kaupa einnig DVD/BlueRay-spilara og Wii-leikjatölvu. Sá sem seldi mér tölvuna hélt reyndar að ég væri að kaupa þetta fyrir barn en ekki sjálfan mig. Það er önnur saga – en kostnaður við notkun á hvoru þessa tækja hleypur á tugum þúsunda miðað við þau skipti sem þau hafa verið notuð. Önnur slæm kaup er lyklakippuhringur sem ég keypti í fríhöfninni í Kaupmannahöfn fyrir tveimur árum. Lyklakippinn var með staðsetningarbúnaði sem ég gat tengt með appi. Þegar heim var komið hengdi ég einhverra hluta vegna orkulykilinn minn á kippuna og byrjaði svo að tengja. Ég náði aldrei sambandi við fjárans búnaðinn. Áður er mér tókst að finna út úr þessu týndist kippinn og ég hef hvorki séð hana né dælulykilinn síðan!

Áttu neytendaráð sem þú vilt deila?

Jóakim Aðalönd kenndi mér að borða vel þegar ég fæ ókeypiss mat ...! Rauða krossdeildin hér á Héraði rekur nytjamarkað á Egilsstöðum. Ég lærði það af kærustunni minni að þar má fá ýmislegt gagnlegt á góðu verði, til dæmis til að fylla upp í eldhúsið. Eins að ganga sem flestar ferðir innanbæjar.

Hvar fékkstu síðast frábæra þjónustu?

Mér finnst ég almennt fá frekar góða þjónustu, þannig að mér finnst vandasamt að tiltaka dæmi um framúrskarandi þjónustu. Mér finnst veitingastaðurinn Báran á Þórshöfn falin gersemi, maturinn frábær á góðu verði og mig rámar í að hafa fengið góða þjónustu þar.

Hver er þinn helsti neytendaveikleiki?

Rjómaís og bækur.



Hafdís Hanna Ægisdóttir
forstöðumaður Langræðsluskólans



Björg Erlingsdóttir
sveitarstjóri Svalbarðsstrandarhrepps

Hver eru bestu kaup sem þú hefur gert?

Það sem kemur fyrst upp í hugann eru tvö falleg pils úr góðu ullarefni sem ég keypti í kringum árið 2004 í Basel í Sviss. Ég hef notað þessi pils mjög mikið í vinnu og það sést ekki á þeim þrátt fyrir mikla notkun.

Hver eru verstu kaupin?

Í gegnum tíðina hef ég keypt ýmislegt sem hefði svo sannarlega mátt missa sín, t.d. föt sem ég fór nær aldrei í og snyrtivörur sem runnu út áður en ég byrjaði að nota þær.

Áttu neytendaráð sem þú vilt deila?

Já, ég á nokkur ráð í pokahorninu sem ég hef reynt að tileinka mér. Ég kaupi frekar vönduð föt úr góðum efnum þó þau eigi það til að vera aðeins dýrari en ódýrari fjöldaframleidd vara. Vönduð föt úr góðum efnum endast mun betur og maður getur átt þau í mörg ár án þess að það sjáist mikið á þeim. Það er því bæði ódýrara til langs tíma lítið og betra fyrir umhverfið að vanda valið. Einnig er mjög gott fyrir budduna og umhverfið að kaupa eða fá lánuð notuð föt og húsgögn.

Hvað læturðu helst fara í taugarnar á þér?

Einnota dót og drasl úr plasti sem er markaðssett fyrir börn.

Ferðu vel með peninga?

Tja, satt best að segja gæti ég farið betur með peninga. Ég eyði kannski ekki miklu í óþarfa en gæti verið skynsamari í til að mynda matarinnkaupum. Eftir annasama daga er oft auðveldara að fara í dýrari matarverslun sem er nálægt heimilinu en í ódýrari búðir (sem væri klárlega skynsamlegra).

Hver er þinn helsti neytendaveikleiki?

Ég er mjög veik fyrir ýmiss konar útivistarvörum og þarf að halda aftur af mér í flottum útivistar búðum og muna að ég á nóg af dóti. Ég er líka veik fyrir fallegri íslenskri hönnun. Einnig á ég erfitt með að standast góðar bækur og svo kaupi ég dálítið mikið af góðu kaffi á kaffihúsum – en það er líka gott fyrir sálina.

Hver eru bestu kaup sem þú hefur gert?

Nýjustu og bestu kaupin í langan tíma eru örugglega tvinnbíllinn mín. Eina eftirsjáin er að hann sé ekki 100% rafbíll. Svo er það rúmið mitt; gott rúm er góð fjárfesting.

Hver eru verstu kaupin?

Mér finnst nú bæði geymsla og ýmsar hirslur á heimilinu vera vitnisburður um slæm kaup. En fátt toppar sennilega þegar ég fór og keypti mér línuskauta, full af góðum fyrirætlunum og væntingum um eigið ágæti. Og auðvitað þurfti að kaupa eitt og annað tilheyrandi nýja áhugamálinu eins og hnéhlífar sem reyndar nýtast við garðvinnuna.

Hvað læturðu helst fara í taugarnar á þér?

Matvörur sem eru útrunnar í hillum verslana. En líka 50, 60, 70% afsláttur – geri ráð fyrir að varan sé ekki gefin og ef hægt er að lækka álagningu svona mikið er eitthvað mikið að í verðlagningunni í upphafi leiks. Það er gott að gera góð kaup en svona hár afsláttur bendir til grófrar álagningar í byrjun – einhver að plata einhvern.

Hvar fékkstu síðast frábæra þjónustu?

Mér finnst maður oftast fá mjög góða þjónustu. Bíleyri á Akureyri er í sérstöku uppáhaldi þessa dagana. Þeir þrifu nýja bílinn og sendust með hann fram og tilbaka.

Ferðu vel með peninga?

Nei, ég held ég verði að vera hreinskilin með það – geymslan með öllum óþarfanum er til vitnis um það.

Hvað þyrfti helst að breytast á Íslandi neytendum til hagsbóta?

Samtök neytenda þurfa að vera sterk og njóta stuðnings frá stjórnvöldum. Allir aðilar innan verslunar og þjónustu tilheyra hagsmunasamtökum sem sinna þeirra hagsmunum. Neytendavernd á að vera eitt af helstu áhersluatriðum stjórnvalda. Sterk neytendasamtök vinna með og fyrir alla og þar liggur mikilvægi þeirra sem málsvara almennings gegn hagsmunum framleiðenda og seljenda.



Linsur og baunir

- umhverfisvænn og hollur valkostur

Með aukinni umhverfisvitund er viðbúið að neysluvenjur breytist og þegar má sjá merki þess að jurtafæði sé að verða vinsæll kostur. Linsur, ertur og baunir – öðru nafni belgjurtir – eru næringarrík fæða sem getur komið í stað kjöts og fyrr á árinu birtist ítarleg umfjöllun um þennan valkost í danska neytendablaðinu Tænk. Í nýrri rannsókn sem gerð var á viðhorfi Dana til kjötneyslu kom í ljós að 30% aðspurðra sögðust hafa dregið úr kjötneyslu á undanfönum árum af umhverfisástæðum.

Samkvæmt opinberum ráðleggingum á Norðurlöndunum ætti að neyta að hámarki um 70 gramma af rauði kjöti á dag og sérstaklega takmarka neyslu á unnum kjötvörum. Með rauðu kjöti er átt við nauta-, svína- eða lambakjöt. Danir borða hins vegar tvöfalt meira kjöt en ráðlagt er eða 144 grömm á dag að meðaltali. Hér á landi eru ekki til nýjar neyslutölur yfir kjötneyslu þar sem síðasta landskönnun á mataræði var gerð 2010–2011. Þá var neysla á öðru kjöti en fuglakjöti rúm 90 grömm og eru þá unnar kjötvörur meðtaldar.

Prótínskortur ekki vandamál

Viða um heim eru belgjurtir mikilvægur hluti af daglegri fæðu þótt Vesturlandabúar hafi hingað til ekki neytt þeirra í miklum mæli. Það er þó að breytast enda eru belgjurtir tilvalin fæða fyrir þá sem vilja draga úr kjötneyslu eða hætta henni alveg. Sérfræðingar á sviði næringar sögðu í samtali við Tænk að baunir geti vel komið í stað kjöts enda eru þær ríkar af prótíni þótt rautt

kjöt sé vissulega prótínríkara. Almenn þurfi þó ekki að hafa áhyggjur af prótínskorti enda ekkert sem bendi til þess að fólk fái ekki nægt prótín úr fæðunni. Sá hópur sem þurfi að vera á varðbergi með að draga úr, eða hætta, kjötneyslu sé einna helst eldra fólk sem borðar lítið. Fyrir þennan hóp getur kjöt verið mjög mikilvæg fæða.

Belgjurtir eru góður kostur þar sem þær eru trefjaríkar, innihalda lítið af mettaðri fitu og eru ríkar af B-vítamíni og steinefnum. Belgjurtir, heilkornavörur, hnetur og fræ eru góð uppspretta prótína og eru sojabaunir sérstaklega prótínríkar.

Mettar kjöt betur en baunir?

Það er útbreiddur misskilningur að máltíð án kjöts metti ekki eins vel en karlar virðast frekar þessarar skoðunar ef marka má viðhorfskönnun sem verslunardejnan COOP lét gera fyrr á



árinu. Þetta á þó ekki við rök að styðjast samkvæmt niðurstöðum rannsóknar sem gerð var í Kaupmannahafnarháskóla árið 2016. Ungum mönnum voru yfir ákveðið tímabil gefnar máltíðir sem innhéldu ýmist kjöt (svína- eða kálfakjöt) eða baunir og linsur. Tilraunadýrin máttu borða að vild og í stuttu máli var niðurstaðan sú að svengdin var minni eftir baunaréttina en kjötréttina.

Ódýrari en kjöt en þarfnast undirbúnings

Þegar kemur að peningaveskinu hafa baunir vinninginn en þær eru margfalt ódýrari en kjöt og samkvæmt Tænk getur munurinn verið allt að tífaldur. Það þarf hins vegar að leggja flestar baunir í bleyti í marga klukkutíma og síðan sjóða þær í allt að klukkutíma. Það er því gott ráð að undurbúa stærri skammta, jafnvel heilan poka af baunum, og geyma í frysti í mátulegum skömmtum. Það getur verið handhægt að kaupa tilbúna baunir en umhverfisávinningurinn er þá vissulega eitthvað minni. Kirsten Skaarup hefur skrifað ótal matreiðslubækur og hún segir í samtali við Tænk að hún hafi ávallt notað belgjurtir í uppskriftir sínar. Í nýjstu bókinni notar hún belgjurtir í stað kjöts og breytir þannig dæmigerðum kjötréttum í gómsæta grænmetisrétti. Til að baunir og linsur njóti sín sem best segir hún mikilvægt að nota gott hráefni eins og lauk, hvítlauk, chili, engifer og ferskar kryddjurtir. Þá sé tilvalið að nota góða olíu í baunarétti.

Ekki dregið úr kjötneyslu á heimsvísu

Þrátt fyrir stórauðna umræðu um neikvæð umhverfisáhrif kjötframleiðslu eru ekki vísbendingar um að neyslan fari minnkandi þótt þróunin sé vissulega mismunandi eftir löndum. Á rúmlega fimmtíu árum (frá 1961–2014) jókst meðalneysla á kjöti úr 23 kílóum á ári á hvern jarðarbúa í 43 kíló. Í sumum löndum er neyslan þó komin að þolmörkum, svo sem í Bretlandi þar sem

kjötneysla hefur dregist örlítið saman á undanförunum árum. Í Brasilíu, Kína og mörgum löndum Austur-Asíu hefur kjötneysla hins vegar aukist ár frá ári og því er spáð að sú þróun haldi áfram. Aukin kjötneysla er ekki síst rakin til aukinnar velmegunar. Samkvæmt frétt á vef BBC er kjötneysla mest í Bandaríkjunum, Ástralíu, Nýja Sjálandi og Argentínu þar sem hver íbúi borðar að meðaltali 100 kíló af kjöti árlega. Lönd Evrópu eru ekki langt undan en meðaltalsneyslan er í kringum 80–90 kíló á ári. Mun minna er hins vegar neytt af kjöti í Indlandi og í flestum Afríkulöndum. Í Nígeríu er meðaltalsneysla til dæmis einungis 9 kíló á mann á ári.

Álag á auðlindir jarðar

Í rannsókn sem gerð var í háskólanum í Oxford og birtist í vísindatímaritinu Science í fyrra var því spáð að kjötneysla muni aukast á næstu árum í takt við fjölgun jarðarbúa. Þessi þróun hafi neikvæð umhverfisáhrif bæði með tilliti til útblásturs gróðurhúsalofttegunda og lífræðilegs fjölbreytileika. Segir í greininni að erfitt sé að sjá hvernig jörðin eigi að geta framfleytt 10 milljörðum jarðarbúa ef allir borða kjöt í sama mæli og Vesturlandabúar. Hér í Neytendablaðinu hefur verið fjallað um svokallað jarðheilsufæði eða planetary health diet, en það er mataræði sem er gott fyrir bæði heilsu fólks og jörðina. Það byggir í miklum mæli á fæðu úr jurtaríkinu jafnhliða minni kjötneyslu. Nánari upplýsingar um jarðheilsufæði má nálgast á eatforum.org en þar er til dæmis að finna margar girnilegar uppskriftir.



Aðalfundur

Neytendasamtakanna

Aðalfundur Neytendasamtakanna var haldinn 26. október sl. í höfuðstöðvum samtakanna á Hverfisgötu 105. Á síðasta þingi, sem haldið var árið 2018, var lögum samtakanna breytt og er nú haldinn aðalfundur árlega í stað þings á tveggja ára fresti.

Ávarp formanns

Breki Karlsson fór yfir starfsemi samtakanna undanfarið ár en það hefur verið mjög annasamt. Fimm fastir starfsmenn, ásamt tveimur lögfræðinimum, sinna um 9.000 málum árlega. Þá hafa fjölmiðlar góðu heilli haft mikinn áhuga á neytendamálum enda hefur verið af nógu að taka. Neytendasamtökin hafa sent fjölda umsagna um frumvörp sem spanna vítt svið og nefndi Breki fasteignalán, stimpilgjöld, pósthjónustu, kolefnismerkingu á kjötvörur, dýrasjúkdóma, félög til almannaheilla, húsaleigulög og úrskurðarnefndir á sviði neytendamála. Neytendasamtökin stóðu fyrir tveimur vel sóttum málþingum um hátt matvælavæð á Íslandi, sem haldið var í samstarfi við ASÍ, og um græna neyslu. Þá héldu samtökin námskeið um réttindi og skyldur leigjenda.

Stærsta einstaka málið var baráttan gegn bíræfni smálánafyrirtækja og hafa samtökin lagt fram 15 tillögur til að sporna við þeim. Þá fengu samtökin stuðning VR og Eflingar, sem þau nýttu meðal annars til að fara fram á lögbann við innheimtu ólöglegra smálána. Meðal annarra mála nefndi Breki mikilvægi leigjendaaðstoðarinnar, sem samtökin hafa sinnt af kostgæfni í fjölda ára, endastöðvagiöld Íslandspósts og oftekin vatnsgjöld Orkuveitunnar. Að lokum sagði Breki erindi Neytendasamtakanna vera skýrt og að þau hefðu verk að vinna.

Grunnstefna Neytendasamtakanna samþykkt

Stjórn Neytendasamtakanna lagði fram nýja grunnstefnu á aðalfundinum. Í stað margþátta stefnu í oft afmörkuðum málum, eins og tíðkast hefur hingað til, var samþykkt grunnstefna sem byggir á breiðum grunni grunnkrafa neytenda samkvæmt Sameinuðu þjóðunum. Eftir góðar umræður var grunnstefnan samþykkt einróma. Formaður fjallar nánar um grunnstefnuna í pistli sínum á bls. 13 og eins má finna hana í heild sinni á ns.is.

Fjármál samtakanna

Ársreikningur fyrir árið 2018 var samþykktur. Rekstur samtakanna hefur verið þungur undanfarin ár en mikill halli var á rekstrinum á árunum 2016 og 2017. Á árinu 2018 tókst að snúa þeirri þróun við og skila rekstrinum með nokkrum afgangi. Fjárhagsstaða samtakanna er ennþá mjög þröng og er útlit fyrir að á þessu ári verði reksturinn nokkurn veginn á sléttu.



Þórey S. Þórisdóttir gjaldkeri stjórnar og Einar Bjarni Einarsson lögfræðingur samtakanna og ritari fundarins.

Ályktanir aðalfundar

Tvær ályktanir voru samþykktar á aðalfundi:

Virk samkeppni, virkt aðhald

Sterk samkeppnislög, eftirlit og úrræði sem bíta eru nauðsynleg, sér í lagi í litlu landi eins og Íslandi þar sem er töluverð hættu á – og því miður nokkur reynsla af – fákeppni og samráði.

Aðalfundur Neytendasamtakanna telur að fyrirhugaðar breytingar á samkeppnislögum gangi allt of langt í þjónkun við fyrirtæki á kostnað neytenda. Með þeim er aukið enn það valdaójafnvægi sem ríkir milli neytenda og fyrirtækja.

Neytendasamtökin gjalda þannig mikinn varhug við því að fella brott málshöfðunarrétt Samkeppniseftirlitsins og telja það mikla réttarskerðingu fyrir neytendur. Þá er ólíðandi að ætla að varpa kostnaði vegna „lífskjarasamninganna“ á herðar neytenda með veikingu samkeppnislaga, eins og lesa má úr greinargerð með frumvarpinu. Virk samkeppni þarfnast virks eftirlits. Skortur á samkeppni veldur herra verði sem neytendur greiða á endanum.

Stöðvum ósvinnuna

Aðalfundur Neytendasamtakanna krefst þess að stjórnvöld stoppi tafarlaust í augljós lagagöt sem gera smálánafyrirtækjum og innheimtufyrirtæki á þeirra vegum kleift að starfa með núverandi hætti. Fyrirtækin notfæra sér neyð fólks sem getur oft og tíðum illa borið hönd fyrir höfuð sér. Sem samfélagi ber okkur að úthýsa smálánastarfsemi og samstarfsfyrirtækjum þeirra. Aðalfundurinn bendir á 15 tillögur sem Neytendasamtökin hafa unnið með það fyrir augum að vinna bug á ósvinnunni og óréttmætum viðskiptaháttum smálánafyrirtækja.



Breki Karlsson formaður fer yfir verkefni síðasta árs.



Mörður Árnason fundarstjóri stýrði fundinum af festu.



Steinunn Þórhallsdóttir, Brynhildur Pétursdóttir og Halla Gunnarsdóttir fara yfir málin.

Plasti skilað í endurvinnslu - en hvað svo?



Mestallt plast sem skilar sér til endurvinnslu hér á landi er sent til Svíþjóðar enda engin plastflokunarstöð starfandi hér á landi. Í borginni Motala í Austur-Gautlandi er stærsta umbúða-plastsendurvinnslustöð Evrópu og getur hún tekið við 120.000 tonnum af plasti árlega. Mjög lágt hlutfall af plasti sem er skilað í endurvinnslustöðvar nýtist þó til endurvinnslu, þ.e. í nýjar plastumbúðir eða plastvörur, eða einungis þriðjungur. Restin er ekki af nógu miklum gæðum til endurvinnslu og er því brennd og nýtt til upphitunar.

Flókið að flokka

Það eru ýmsar ástæður fyrir því að svo lágt hlutfall af því plasti sem þó er skilað nýtist ekki betur. Það er einfaldlega flókið að flokka plast og þótt tæknin sé nýtt til hins ýtrasta þá geta leysisnemarnir til dæmis ekki lesið upplýsingar um plastflokka ef umbúðir eru svartar. Flokkunin fer fram á færriböndum þar sem plastið er flokkað eftir stærð, þyngd og mykt. Seglar grípa málmbita sem flækst hafa með áður en kemur að næsta stigi ferilsins þar sem leysisnemar flokka plastið eftir tegund. Það plast sem er brúklegt til endurvinnslu er síðan þvegið og brætt áður en það er selt áfram.

Lítill skil á plasti

Í Svíþjóð er talið að einungis einn þriðji af plastumbúðum frá neytendum skili sér í endurvinnslustöðvar. Staðan er verri hér á landi. Samkvæmt upplýsingum frá Umhverfisstofnun er magn umbúðaplásticosúrgangs um það bil 40 kíló á hvern íbúa árlega. Endurvinnsla á drykkjarumbúðum með skilgjaldi og á heyrúlluplasti er um 80–85% en á öðrum umbúðum er hlutfallið einungis 10–15%. Birgitta Stefánsdóttir, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, segir að hlutfall almennra plastumbúða sé allt of lágt á Íslandi og að það muni reynast erfitt að uppfylla markmið Evrópusambandsins um 50% endurvinnsluhlutfall plastumbúða árið 2025. „Við þurfum að gera betur þegar kemur að endur-

vinnslu umbúða annarra en þeirra sem eru inni í skilgjaldskerfinu og heyrúlluplasts,” segir Birgitta. „Þrátt fyrir aukna umhverfisvitund og mjög mikla umræðu um skaðsemi plastics á lífríki sjávar hefur endurvinnsluhlutfallið breyst mjög hægt.“ Að sögn Birgittu vantar ennþá hvata til að ýta undir meiri flokkun á öðru umbúðaplasti auk þess sem auðvelt þurfi að vera fyrir heimili og fyrirtæki að skila flokkuðu plasti. Þá sé mikilvægt að undirstrika að plastvandinn sé fyrst og fremst magnvandi. „Við þurfum fyrst og fremst að taka á því plastmagni sem er að falla til.“

Hönnun á umbúðum skiptir máli

Ein ástæða þess hversu lítið er um umbúðir eða aðrar vörur úr endurunnu plasti er sú að það er ódýrara fyrir framleiðendur að kaupa nýtt plast en endurunnið. Hvatinn til endurvinnslu er því ekki mikill en því á að breyta. Samkvæmt áherslum Evrópusambandsins í úrgangsmálum eiga 50% af plastumbúðum að endurvinnast árið 2025 og 55% árið 2030. Til að auka endurvinnsluhlutfall er ekki síst mikilvægt að hanna umbúðir þannig að þær séu eins endurvinnanlegar og hægt er. Plastumbúðir eru merktar með þríhyrningi og tölu sem segja til um það hvernar gerðar plastið er. Flokkur 1, 2, 4 og 5 henta vel til endurvinnslu en flokkur 3 (PVC, sem er t.d. notað í plastfilmur og regnföt) og flokkur 6 (fraudplast) eru ekki endurvinnanlegir. Upplýsingar um plastflokka má sjá á ust.is undir grænn lífstíll.

Heimild: Råd og Rön 8/2019 og ust.is

Varúð - hættu!

Glöggir neytendur hafa eflaust tekið eftir því að hættumerkingar á varasömum vörum hafa tekið breytingum. Merkin eru ný og er ætlað að leiðbeina neytendum um skaðsemi vöru. Sum efni eru virkilega varasöm og geta til dæmis valdið alvarlegum heilsukaða, verið ætandi eða valdið bráðum eitúrhrifum. Merkin sjálf eru ekki mjög lýsandi þannig að auðvelt sé að sjá hvað ber að varast og hvernig á að meðhöndla efnin. Því ætti ávallt að lesa leiðbeiningar ef umbúðir eru merktar með hættumerki.



Heilsuskaði

Stundum ástæða til að nota hlífðarhanska og hlífðargleraugna. Forðist inntöku, innöndun og snertingu við húð og augu.



Ætandi

Klæðist hlífðarhönskum og hlífðargleraugum. Forðist inntöku, innöndun og snertingu við húð og augu.



Hættulegt umhverfinu

Forðist losun út í umhverfið. Hellið ekki í niðurföll nema varan sé sérstaklega ætluð til þess.

Einar Oddsson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun, segir upphrópunarmerkið líklega það hættumerki sem gefi hvað minnsta vísbendingu um hættu. „Vörur með upphrópunarmerki geta til dæmis valdið ertingu á húð og augum, ofnæmisviðbrögðum og ertingu í öndunarvegi en geta líka verið skaðlegar við inntöku, í snertingu við húð og við innöndun. Þessa merkingu má oft sjá á vörum sem eru algengar í heimahúsum svo sem þvotta- og hreinsiefnum.“

Geymið þar sem börn ná ekki til!

Einar segir mikilvægt að geyma öll varasöm efni þar sem börn ná ekki til og ekki nálægt matvælum, dýrafóðri, lyfjum eða álíka vörum. Þá þurfi að fræða eldri börn um hættumerkin til að minnka hættuna á slysum en ekki síður til að þau viti hvernig á að bregðast við ef slys ber að höndum. Einar bendir í þessu sambandi á skemmtilegt og einfalt kennsluefni á vefnum honnuhus.is, sem ætlað er börnum á aldrinum 8-13 ára, og hvetur foreldra til að skoða það með börnum sínum.

Viðbrögð við slysi

Ef slys verður af völdum efnavara segir Einar að það fyrsta sem eigi að gera sé að lesa leiðbeiningar á umbúðunum því fyrstu viðbrögð geti skipt miklu máli. Þá sé ráðlagt að hafa umbúðir við hendina þegar hringt er eftir hjálp. Á Landspítalanum er starfrækt Eitrunarmiðstöð sem hefur meðal annars það hlutverk að veita ráðgjöf um viðbrögð og meðferð ef eitranir verða. Síminn er 543 2222 og er hann opin allan sólarhringinn.

Ung börn í mestri hættu

Athyglisverða tölfræði má sjá á heimasíðu Eitrunarmiðstöðinnar en 60% fyrirspurna sem henni berast eru vegna barna yngri en sex ára og meirihluti þessara slysa á sér stað inni á heimilum. Það eru ekki bara efni og vörur með hættumerki sem valda eitrunum. Þau efni sem koma oftast við sögu þegar hringt er í Eitrunarmiðstöðina eru þvotta- og hreinsiefni, lyf, plöntur og ilmvötn, rakspírur og aðrar snyrtivörur. Því er sérstaklega mikilvægt að fullorðnir fjarlægji öll efni og hluti úr umhverfi barns sem geta verið hættuleg lífi og heilsu þess.

Þekkir þú hættumerkin?



Við handleikum hættuleg efni á hverjum degi, oftast án þess að gefa því nokkurn gaum. Dæmi um hættulegar vörur eru þvotta- og hreinsiefni, grillvökvi, stíflueyðir og viðarvörn. Vörur sem innihalda hættuleg efni eru merktar með sérstökum merkingum sem gott er að þekkja.

Kynntu þér hættumerkin, lestu leiðbeiningar og fylgdu þeim.

Nánar á umhverfisstofnun.is

